

**Til fjölmiðla 16. janúar 2003**  
**Frá kaupendum 45,8% hlutar í Búnaðarbankanum**

## **Traust fyrirtæki, hæft og gott starfsfólk, mikilvæg sóknarfæri, álitlegur fjárfestingarkostur**

Við, fulltrúar kaupenda hlutabréfa í Búnaðarbanka Íslands, færum stjórnendum bankans og viðsemjendum okkar þakkir fyrir traust og hreinskiptin samskipti í árangursríkum samningaviðræðum undanfarnar vikur.

Búnaðarbankinn er öflug og traust fjármálastofnun í farsælum rekstri með hæft og gott starfsfólk og vaxandi markaðshlutdeild. Niðurstaða áreiðanleikakönnunar, sem gerð var vegna kaupanna nú, staðfestir framangreint viðhorf okkar. Við lítum því á bankann sem afar álitlegan fjárfestingarkost og viljum stuðla að því að nýta sem best margvísleg sóknarfæri á næstu árum, bæði til meiri og betri þjónustu við almenning og fyrirtæki og til umsköpunar á íslenskum fjármálamarkaði.

Það eru mikil tíðindi að traustur, erlendur banki taki þátt í að fjárfesta í íslenskri fjármálastofnun. Búnaðarbankinn kemur til með að njóta þekkingar, reynslu og viðskiptasambanda þýska bankans í starfsemi sinni. Enn mikilvægara er að með eignarhaldi þýska bankans í Búnaðarbankanum skapast tengsl sem íslensk fyrirtæki geta notfært sér til að styrkja starfsemi sína og sókn á erlendum mörkuðum. Þetta er afar mikilvægt þegar haft er í huga að möguleikar íslenskra fyrirtækja til að vaxa verulega og dafna tengjast fyrst og fremst alþjóðlegri starfsemi.